



SLEIPNIR
— stofnað 1929 —

Bt. Sveitastjórnar Flóahrepps
v. erindis sem sent var inn 22. nóv. sl. um stuðning við félagsverkefni.

Félagshesthús Sleipnis – tilraunaverkefni.

Markmið með rekstri félags-hesthúss Sleipnis er að gefa börnum og unglingum í Árborg og Flóahreppi, sem ekki hafa aðgang að hrossum eða bakland í hestamennsku, tækifæri á að stunda hestaþróttir. Einnig er markmiðið að auka nýliðun í hestamennsku.

Félagið hefur tekið á leigu til eins árs 21 hesta hús að Vallartröð 6 á Selfossi og náði góðum samningi við húseigenda sem leist vel á verkefnið.

Reksturinn:

Rekstur verkefnisins er í höndum Æskulýðsnefndar félagsins með stuðningi stjórnar. Vinna er lögð fram í sjálfbodastarfi af nefndafólki, stjórn og félagsmönnum.

Kennarar eru menntaðir reiðkennarar en einnig fáum við stuðning frá þriðja árs nemum á Hestabraut FSU.

Nemendum er lagður til hestakostur, reiðtygi og annar búnaður utan öryggishálms. Fóður, járningar, læknskostnaður og annað sem lýtur að dýrahaldinu er innifalinn sem og morgun og kvöldgjafir.

Nemendur læra umgengni við hestinn, umhirðu og allt sem lýtur að reiðmennsku (bóklegir og verklegir tímar).

Aðgangur að reiðhöll félagsins fyrir kennslu, þegar ekki veðrar til útiveru, er tryggður eins og hægt er.

Félagið hefur notið velvilja félagsmanna og annarra sem trú hafa á verkefninu og fengið hestakost og reiðtygi að láni sem nú geta annað allt að 16 nemendum.

Stjórn Sleipnis lýtur á verkefnið sem samfélagsverkefni sem stuðlar að bættri lýðheilsu, tækifærum barna og unglínga sem annars ekki hafa tækifæri til að stunda hestaþróttir.

Félagið áætlar að nota félagshúsið undir Reiðskóla Sleipnis sem rekinn hefur verið ár hvert í júní til ágúst en hann er opinn öllum börnum í Árborg og Flóahreppi. Sumar-reiðskólinn hefur ekki annað eftirspurn þau ár sem hann hefur verið starfræktur.

Stjórn Sleipnis hefur sótt um skráningu félagsins sem „Félags til almannaheilla“ og geta stuðningsaðilar nýtt sér það til skattaafsláttar.

<https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/felagasamtok-og-onnur-felog/almannaheillafelog/>


Sleipnir fékk Unglingabikar HSK 2020 fyrir mikið og öflugt barna-æskulýðsstarf sem og Æskulýðsbikar LH 2021 á formannafundi LH nú í haust.

Einnig fékk félagið í ár endurnýjaða viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Ólympíusambands Íslands til næstu fjögurra ára.

Sveitafélagið Árborg hefur samþykkt sérstakan stuðningi við félagið til fimm ára með árlegum styrk sem greiðir kostnað húsaleigu verkefnisins eins og tiltekið er í meðfylgjandi rekstraráætlun.

Stjórn Sleipnis óskar eftir fjárstuðningi Flóahrepps við verkefnið upp á kr. 250.000 fyrir árið 2022 með mögulegri framlengingu til allt að fimm ára í senn.

Tjörnum, Flóahreppi, 30.des. 2021.



Fh. Hestamannafélagsins Sleipnis.

Sigurvaldi R. Hafseinnsson, ritari stjórnar.

” ”

